

Mál nr. 333/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V): (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17. september 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1, dags. 8. október 2025.
3. Athugasemdir V2, dags. 31. október 2025.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. nóvember 2025.

Málsatvik.

Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu kemur fram að 11. nóvember 2024 varð árekstur milli bifreiðanna A, sem M á og ók, og B. Bifreiðin A er tryggð hjá V1 og bifreiðin B hjá V2. Í lögregluskýrslunni er haft eftir M að B hafi skolið aftan á A á Vesturlandvegi við Víkurveg. Ágreiningur hafi myndast milli ökumanna um áreksturinn og hafi ökumaður B ekið burt. Skömmu eftir að lögreglan kom á vettvang var ökumaður B mættur aftur. M lýsti málsatvikum þannig að hann hafi verið að aka Víkurveg í átt til norðurs og ekið á aðrein í átt til vesturs að Vesturlandsvegi. Hafi hann tekið eftir því að B sem var fyrir aftan hann hafi verið ekið mjög nálægt A. Ökumaður B hafi síðan ekið fram úr A við afleggjarann í átt að Víkurvegi og ekið aftan á hægri afturhlið A. M sagðist hafi verið í bílbelti og ekið á um 80 km/klst. hraða. Hann hafi ekki slasast en vilji fá tjónið á A bætt. Í lögregluskýrslunni er haft eftir ökumanni B að hann hafi verið að aka af aðrein við Vesturlandsveg frá Víkurvegi þegar bifreið hans hafi hafnað utan í A. Sagði hann ákomuna hafa verið mjög litla.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna og í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 523/24 var sök skipt til helminga milli ökumanna A og B með þeim rökum að ósannað væri um stöðu ökutækja við áreksturinn.

Í málskoti færir M rök fyrir því að niðurstaða tjónanefndar sé ekki rétt. Byggir M á því að rétt sé að ökumaður B beri alla sök í málinu. Bendir hann á máli sínu til stuðnings að það komi skýrt fram í lögregluskýrslu að ökumaður B hafi ekið utan í A á þeirri akrein sem A var á þegar áreksturinn átti sér stað.

Í athugasemdum V1, dags. 8. október 2025, eru færð fyrir því rök að ökumaður B eigi að bera alla sök á árekstrinum enda samræmist niðurstaða tjónanefndar ekki því sem fram komi í gögnum málsins. Þannig sé haft eftir báðum ökumönnum í lögregluskýrslu að B hafi verið ekið á A. Það hafi því verið ökumaður B sem olli tjóninu. V1 hafnar því jafnframt að ósannað sé um stöðu ökutækjanna þar sem framburður ökumanna um aðdraganda árekstursins sé samhljóða, þ.e. að B hafi verið ekið á A.

Í athugasemdum V2, dags. 31. október 2025, kemur fram að félagið tekur að rétt sé að úrskurðarnefndin komist að sömu niðurstöðu og tjónanefnd. Það sé M að sanna að ökumaður B beri alla sök í málinu, nokkuð sem V2 telur að ekki hafi tekist enda liggi ekki fyrir óyggjandi gögn sem staðfesti frásögn M. Þá telur V2 að það tjónamynstur sem sjá megi á fyrirbyggjandi ljósmyndum styðji ekki með afgerandi hætti frásögn M um framúrakstur B og högg á aftur hlið A.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 6. nóvember 2025, er ítrekað að báðir aðilar séu samsaga og sammála um aðdraganda óhappsins og afstöðu ökutækjanna þegar áreksturinn varð og ábyrgð ökumanns B. Þetta komi einnig fram í lögregluskýrslunni.

Álit.

Málið lýtur að því hvort og hvernig skuli skipta sök á árekstri milli ökumanna bifreiðanna A og B sem átti sér stað 11. nóvember 2024. Í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til háttarnisreglna umferðarlaga nr. 77/2019.

Ökumenn gerðu ekki sameiginlega skýrslu á vettvangi, en í skýrslu lögreglu, er m.a. að finna framburð beggja ökumanna. Af því sem þar kemur fram fær nefndin ekki betur séð en að það sé óumdeilt að

bifreiðinni B hafi verið ekið utan í A enda er það beinlínis haft eftir ökumanni B. Eins og gögn málsins liggja fyrir telur nefndin því að hægt sé að ganga út frá því að ökumaður B hafi valdið tjóninu og sök af hálfu ökumanns A sé ósönnuð. Því beri ökumaður B alla sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 2. desember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir